



14. fundur stjórnar LH 2024-2026

19. mars 2025 kl. 20:00

Fjarfundur

Mætt úr aðalstjórn: Linda Gunnlaugsdóttir, Ólafur Gunnarsson, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Sóley Margeirsdóttir, Ólafur Þórisson, Sveinn Heiðar Jóhannesson, Unnur Rún Sigurpálsdóttir.

Mætt úr varastjórn: Jón Þorberg Steindórsson, Ragnhildur Gísladóttir, Hilmar Guðmannsson, Sigurbjörn Eiríksson og Reynir Atli Jónsson.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

2. Staða verkefna hjá formanni og framkvæmdastjóra

- *Knapafundur LH* var haldinn í streymi á Eiðfaxa. Ásamt mótastjóra sáu Sigríður Þjetursdóttir frá HÍDÍ og Haukur Bjarnason frá GDLH um fundinn. Þau fóru yfir breytingar á reglum og eins nokkur atriði í reglum sem ástæða þótti að fara yfir. Boðið var upp á að senda inn spurningar fyrir fram og var nokkuð um að fólk nýtti sér það.
- *Mótaskjall* – 2. Fundur. Efni fundarins var skil á mótsskýrslum og skráning móta sem lögleg eða ólögleg mót.
- ÍSÍ fundir – ÍSÍ setti á laggirnar fjóra vinnuhópa um innleiðingu á nýrri hugmyndafræði í afreksíþróttum og til að undirbúa tillögur fyrir íþróttaping í vor, sem starfsmenn LH taka þátt í.
 - *Hópur 1: Fyrirkomulag vegna launagreiðslna til afreksíþróttafólks- og þjálfara*

Launsjóðurinn er hugsaður fyrir íþróttafólk sem á erfitt með að stunda sína íþrótt vegna fjárhagslegra örðugleika. Árið 2025 eru 100 millj. kr. til úthlutunar. Til umræðu er staða einstaklingsíþróttar vs. hópíþróttar, aldurstakmörk, árangurstenging, tekjutenging búseta o.fl.
 - *Hópur 2: Fyrirkomulag á endurgreiðslum vegna kostnaðarþátttöku í landsliðsstarfi yngri aðila*

Til að lækka kostnað einstaklinga í yngri flokkum, lögð áhersla á að greiðslurnar fari ekki til útgjaldaaukninga hjá landsliðum, heldur renni til iðkandans.
 - *Hópur 3: Afreksmiðstöð og Afreksstefna ÍSÍ*

Endurskoðun á afreksstefnunni og hlutverk afreksmiðstöðvar.
 - *Hópur 4: Möguleg tenging Afreksmiðstöðvar við skólakerfi og landsbyggðina*

Sumar íþróttagreinar búa við mjög takmarkað aðgengi að íþróttamannvirkjum og rætt er um hvernig er hægt að samþætta íþróttaiðkun við skólakerfið.



- Hestaheilsa – starfshópur

Að frumkvæði Félags hrossabænda og Lands og skóga, var í fyrra stofnaður starfshópur sem hafði það verkefni að taka saman upplýsingar um hestahald til að fræða hinn almenna hestamann. Í hópnum eru fulltrúar frá FHB, RML, Landi og Skógum og MAST, ásamt LH.

Hópurinn stefnir á að taka saman fræðslu fyrir hinn almenna hestamann um hestahald, og leggur fyrsta kastið áherslu á landnýtingu, beitarstýringu og fóðrun.

- Öryggisnefnd – Bændablaðið

Öryggisnefnd barst fyrirspurn frá Bændablaðinu um slysakráningar á heimasíðu LH sem Jóhanna Þorbjörg formaður nefndarinnar hefur svarað.

- Fundur með framkvæmdstjóra HM og starfsmönnum skrifstofu og landsliðsþjálfara. Farið var yfir praktíska hluti varðandi mótssvæðið, aðgengi, upphitunarsvæði, sóttkví íslensku hestanna, aðgengi fjölmiðla osfrv.
- Reiðveganefnd LH hefur samþykkt skiptingu á reiðvegafé ársins í sátt og samlyndi. Til úthlutunar þetta árið eru 100 millj. kr.
- Uppsetning á nýju heimasíðunni er á góðu róli og lítur vel út.

3. Fjárhagur LH jan-feb 2025

Gjaldkeri fór yfir fjárhag LH fyrstu tvo mánuði ársins.

4. Verkefnalisti stjórnar

Farið yfir verkefnalista stjórnar.

Starfshóp um skilgreiningu á hugtakinu gæðingur skipa þau Sóley Margeirsdóttir, Jón Þorberg og Bjarni Þorkelsson.

5. Staða verkefna í nefndum

Landsliðsnefnd: Formaður Landsliðsnefndar heimsótti mótssvæðið og leist vel á aðstöðuna og hótelið sem liðið verður á. Komin er drög að dagskrá fyrir Allra sterkustu.

Rætt var að Alendis og Eiðfæxa um mögulegt samstarf fram yfir HM og útsendingu frá Allra sterkustu. Alendis gaf verkefnið frá sér en framkvæmdastjóri Eiðfæxa var mjög áhugasamur um að gera samstarfssamning við landsliðsnefnd, það gekk þó ekki eftir þegar á reyndi. Undirbúningsnefndin fyrir viðburðinn er að skoða að hafa ekki útsendingu frá viðburðinum og hvetja fólk til að mæta á staðinn.

Komið er tilboð frá tveimur aðilum um flutning á hrossum landsleiðina frá Liege til Sviss sem verið er að skoða.

Laganefnd: Nefndin hefur farið yfir breytingar á reglugerðum eftir Landsþing sem taka gildi 1. apríl.

Útbreiðslunefnd: Ragnhildur Gísladóttir tekur við formennsku í nefndinni í stað Þórhildar Katrínar.

Leisure Riding nefnd FEIF: Nefndin er að undirbúa samfélagsmiðlaefni fyrir alþjóðlegan dag íslenska hestsins þann 1. maí.

Tölvunefnd: Fundað var með RML um framtíð Sportfengs þar sem viðraðar voru hugmyndir um að koma Sportfeng í annan farveg og finna nýjan samstarfsaðila um kerfið.



Æskulýðsnefnd: Staðfundur var haldinn til að undirbúa fundarferð til að hitta æskulýðsnefndir um landið ofl. Tilgangurinn að fá félögin til að deila því sem þau eru að gera. Rætt var um æskulýðsdag á Skógarhólum í sumar, hittast, grilla og ríða út saman.

Starfshópur um innanhússmót: Hópurinn er að safna upplýsingum um stærðir þeirra reiðhalla þar sem innanhússmótin eru haldin. Drög að Íslandsmótaröð innanhúss fyrir næsta vetur verður kynnt á formannafundi.

6. Stefnumótunarvinna

Undirbúningur er hafinn og verður fundað næsta föstudag með Petru Mogensen sem mun stýra stefnumótunarvinnunni.

7. Fréttir af Landsmóti 2026 – punktar frá fulltrúa LM í framkvæmdanefnd

Undirbúningur er í góðum farvegi, verið er að sækja um styrki í svæðið og framkvæmdastjóri hefur verið ráðinn.

8. Önnur mál

- a. Nefndafundir FEIF verða haldnir í Reykjavík 17. til 18. október. Finna þarf dagsetningu á formannafund LH og Uppskeruhátíð LH með tilliti til þessarar dagsetningar.

Fundi slitið kl. 21:45